

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997,**  
**frístundabyggð í Lönguhlíð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að þéttbýlismörkin stækka til norðurs að hálsinum við Vestdal og að Vestdalseyri. Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði utan um 2,8 ha reit sem skilgreindur er sem frístundabyggðarsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*